

Heiðmörk 30-36

Hveragerði

Deiliskipulag, lýsing

Lögð fram sbr. 1.mgr. 40. Gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

Nóvember 2025



Heiðmörk 30-36

Skipulagslýsing

Nóvember 2025

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1 Skipulagssvæðið	4
1.2 Lýsing	4
1.3 Markmið deiliskipulagsins	5
2. Forsendur og staðhættir	6
2.1 Tengsl við aðrar áætlanir	6
2.1.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038.....	6
2.1.2 Mannlíf, byggð og bæjarrými, leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli.....	6
2.1.3 Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025-2037	8
2.1.4 Arkitektúrstefna Hveragerðisbæjar	9
2.1.5 Samgöngu- og þjónustukerfi.....	9
2.2 Deiliskipulag.....	11
2.4 Húsakönnun.....	12
2.5 Minjar	13
3. Umfjöllunarefni deiliskipulags	13
4. Umhverfismat.....	13
5. Skipulagsferli, kynning og samráð.....	14
5.1 Skipulagslýsing.....	14
5.2 Umsagnaraðilar	14
5.3 Auglýsing deiliskipulagstillögu	14
5.4 Skil ábendinga og athugasemda við lýsingu.....	15

1. Inngangur

Deiliskipulagslýsing þessi er unnin skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsingin er hluti vinnu við gerð deiliskipulags fyrir reit sem samanstendur af Heiðmörk 30-32 og Heiðmörk 34-36, sem afmarkast af götunum Þelamörk, Bláskógum, Heiðmörk og Litlumörk.

Samkvæmt Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-237 er reiturinn skilgreindur sem þéttingarreitur, nánar tiltekið Grundarreitur innan ÍB8. Þar segir að heimilt sé að breyta garðyrkjunulóðum í íbúðabyggð á 1-2 hæðum. Leiðbeinandi nýtingarhlutfall fyrir deiliskipulag á reitnum er 0,4-0,6. Reiturinn, sem deiliskipulagslýsing þessi fjallar um er 11.513 m², samkvæmt teiknigrunn.

Tilgangur þessarar lýsingar, er að vera leiðbeinandi við gerð nýs deiliskipulags *sem samræmist markmiðum Aðalskipulags Hveragerðisbæjar 2025-2037.*

1.1 Skipulagssvæðið

Deiliskipulagssvæðið er um 1,15 ha að flatarmáli, eða 11.513 m². Svæðið er hluti af íbúðasvæði, nánar tiltekið ÍB8 í Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-237. Í vestur er svæðið afmarkað af Bláskógum og í austur af Litlumörk. Í norður afmarkast svæðið af Heiðmörk og í suður af þelamörk. Svæðið er umlukið íbúðasvæði að mestu en austur af svæðinu er Flórureitur sem líka er hluti af ÍB8 samkvæmt aðalskipulagi. Í næsta nágrenni við reitinn er Hveragarðurinn sem er vinsælt útivistarsvæði fyrir íbúa jafnt sem ferðamenn. Það er einnig stutt í Breiðamörk en við þá götu eru miðbæjarstarfsemi skilgreind í aðalskipulagi.



Mynd 1 Loftmynd - reitur merktur inn

1.2 Lýsing

Í upphafi vinnu að deiliskipulagi er tekin saman lýsing fyrir deiliskipulagsverkefnið þar sem gerð er grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni.

Lýsingin er kynnt opinberlega og almenningi gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri við sveitarfélagið í gegnum skipulagsgáttina. Samtímis er leitað umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.

1.3 Markmið deiliskipulagsins

Helstu markmið deiliskipulagsins er:

- Að móta byggð sem er til þess fallin að stuðla að góðu mannlífi og sambúð ólíkra hópa.
- Að tryggja að uppbygging falli að núverandi byggð, byggðarmynsturs og skipulagi líkt og lagt upp er með í Arkitektúrstefnunni í Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-2037.
- Að skilgreina byggingareiti og setja fram skilmála fyrir hæðir húsa, landnotkun og nýtingarhlutfall.
- Að tryggja góð tengsl við umhverfið.
- Að tryggja góða og örugga aðkomu að deiliskipulagssvæðinu fyrir mismunandi ferðamáta.
- Að fylgja leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli.
- Að fylgja leiðbeiningum og gátlista varðandi bíla- og hjólastæði í samræmi við Bíla- og hjólastæðastefnu Hveragerðisbæjar.
- Að unnið verði samgöngumat fyrir reitinn enda verði hann með yfir 50 íbúðir og telst þar af leiðandi vera umfangsmikið verkefni sem kallar á samgöngumat samkvæmt Bíla- og hjólastæðastefnu Hveragerðisbæjar.
- Að nýtingarhlutfall miðist við 0,5.
- Að hámarks íbúðafjöldi verði 82 íbúðir.
- Að á svæðinu verði fjölbreyttar íbúðagerðir og íbúðarstæðir, og að á reitnum verði að minnsta kosti að finna íbúðir sem eru 2 herbergja, 3 herbergja og 4 herbergja.
- Að hlutfallsleg skipting íbúða hafi eftirfarandi töflu til viðmiðs:

Herbergjafjöldi*	Hlutfall	Vikmörk
2 herbergi	50%	10%
3 herbergi	40%	10%
4 herbergi	10%	10%

*Miðast við herbergi, ekki svefnherbergi

2. Forsendur og staðhættir

Svæðið samanstendur af tveimur lóðum Heiðmörk 30-32 og Heiðmörk 34-36.

Við Heiðmörk 30-32, sem er 7.466,50 m², eru í dag 5 byggingar sem samanstanda af iðnaðar og atvinnuhúsnæði ásamt íbúðarhúsnæði.

- Skrifstofuhúsnæði 80 m², byggt 1950
- Gróðurhús 1.229,6 m², byggt 1960
- Iðnaðarhúsnæði 688,3 m², byggt 1972-50
- Íbúðarhúsnæði 80 m², byggt 1950
- Íbúðarhúsnæði 90 m², byggt 1950

Við lóðina Heiðmörk 34-36, sem er 4.046,50 m² að stærð, eru gróðurhús og íbúðarhús.

- Gróðurhús 1.423,7 m², byggt að hluta 1949-50 og síðan 1979
- Íbúðarhús 164,5 m², byggt 1954

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

2.1.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í landskipulagsstefnu eru þrjú markmið sem lögð eru til grundvallar, sem byggja öll á sjálfbærri þróun. Markmiðin eru eftirfarandi:

A. Markmið um vernd umhverfis og náttúru snýr að heilnæmi umhverfis og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Þar kemur fram áhersla á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

B. Markmið um velsæld samfélags snýr að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þar kemur fram áhersla á loftslagsaðlögun sem leiðarljós í skipulagi og seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

C. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf snýr að samkeppnishæfni samfélags og eflingu atvinnulífs, hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði. Þar kemur fram áhersla á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi með aukinni bindingu gróðurhúsalofttegunda.

2.1.2 Mannlíf, byggð og bæjarrými, leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli

Skipulagsstofnun og Samtök sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) gáfu út leiðbeiningarit um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. Leiðbeiningarnar styðja við skipulag,


hönnun og uppbyggingu þéttbýlis um allt land. Markmiðið er að samræma skipulag byggðar og samgangna, skapa vönduð bæjarrými og stuðla að því að virkir ferðamátar og almenningssamgöngur verði fyrsti kostur fólks í daglegu lífi. Þær sýna jafnframt hvernig skipulag og yfirbragð byggðar geta stuðlað að kolefnishlutleysi og auknum viðnámsþrótti gagnvart loftslagsbreytingum. Horft verður til þessara leiðbeininga við gerð deiliskipulags.

2.1.3 Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025-2037

Í Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-2037 eru sett fram þrjú megin leiðarljós í stefnumótun þess og þau eru:

1. „Skapandi Hveragerði, sjálfbært samfélag þar sem náttúran er í fyrirrúmi.
2. Heilsueflandi Hveragerði, samfélag sem leggur áherslu á ró, velliðan, heilsueflingu, góða þjónustu og fjölskylduvænt umhverfi.
3. Blómstrandi Hveragerði, með blómlegu atvinnulífi og fjölbreyttum atvinnutækifærum sem byggja á auðlindum og sérkennum bæjarins, s.s. á sviði ferðaþjónustu, græns iðnaðar og tækifæra í nýsköpun innan þessara sviða.“

Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025-2037, 2025



Mynd 2 Aðalskipulagsuppráttur - svæði merkt inn

Svæðið er í Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-2037 skilgreint sem íbúðarsvæði (ÍB8). Svæðinu er skipt upp í Grundarreit og síðan Flórureit, skipulagslýsing þessi fjallar um Grundarreit. Leiðbeinandi nýtingarhlutfall er 0,4-0,6 og heimilt er að byggja á 1-2 hæðum.

Í aðalskipulagi kemur fram að nýtt deiliskipulag skal uppfylla ákvæði um yfirbragð byggðar í bænum og sett fram markmið sem miða að því að sérkenni Hveragerðis fái notið sín. Þar kemur meðal annars fram að tryggja verði að allar íbúðir njóti birtu og skjóls með því að huga að byggðamynstri, húshæðum og gatnabreidd. Auk þess sem ný byggð taki mið af núverandi byggð.

Þar að auki er tekið fram að taka skuli mið af leiðbeiningunum Skipulagsstofnunar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli.

2.1.4 Arkitektúrstefna Hveragerðisbæjar

Það að auki er Arkitektúrstefna í aðalskipulaginu en þar eru sett fram viðmið sem hafa það að markmiði að stuðla að auknum gæðum í nýbyggingum. Fram kemur að ef ekki tekst að uppfylla viðmiðin þarf að færa fyrir því góð rök sem skipulags- og byggingaryfirvöld leggja mat á.

Viðmið í Arkitektúrstefnu í Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-2037:

- „Íbúðir skulu ekki vera minni en 40 m²
- Hámarksdýpt íbúðabygginga / fjölbýlishúsa skal vera 10 - 12 m
- Íbúðir hafi almennt tvo útveggi og skal annar vera suðlægur.
- Svalir skulu vera suð- eða vestlægar.
- Með fyrirkomulagi bygginga á lóð skal leitast við að mynda skjól fyrir ríkjandi vindáttum.
- Lágmarks dvalarsvæði á lóð skal vera fallega útfært og gott til viðveru.
- Það skal skýrt skilgreint hvað er séreignahluti lóðar, hvað er sameiginlegur garður og hvað er almenningsrými.
- Í nýtingartöflu eru þrír rammar R1, R2 og R3 tilgreindir. Innan hvers ramma er eftirfarandi skilgreint : hámarksnýtingarhlutfall, hámarkshæð bygginga og lágmarks dvalarsvæði á lóð. Hvert svæði fær tilgreindan ramma.
- Í bílastæðastefnu sjá í viðauka, eru skilgreind viðmið um fjölda bílastæða.“

Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025-2037, 2025

2.1.5 Samgöngu- og þjónustukerfi

Samgöngustefna Hveragerðisbæjar var unnin samhliða endurskoðun Aðalskipulags Hveragerðisbæjar og var lögð fram sem sjálfstætt fylgiskjal. Þar er lögð áhersla á að tryggja örugg, sjálfbær og skilvirk samgöngukerfi fyrir alla. Tilgangurinn með stefnunni er að leggja fram heildstæða sýn um framtíðaruppbyggingu samgangna og styðja við markmið sem fram koma í aðalskipulaginu, og hefur það að markmiði að bæta samgöngur fyrir alla.

Stefnan er sett fram í eftirfarandi 4 liðum:


- Breyttar ferðavenjur til þess að bæta aðgengi íbúa að skilvirkum, öruggum og vistvænum ferðamátum sem styðja við loftslagsmarkmið.
- Bætt umferðaröryggi innan bæjarmarka til að draga úr slysum.
- Orkuskipti til að stuðla að minni notkun jarðefnaeldsneytis og bæta loftgæði.
- Betri nýting takmarkaðs landsvæðis til þess að auka hagkvæmni í rekstri samgöngumannvirkja í bænum og styðja við fjölbreytt og lifandi mannlíf.

Samgöngustefna Hveragerðisbæjar 2025-2037

Í tengslum við Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025-2037 voru settar fram reglur um fjölda bíla- og hjólastæða auk leiðbeiningar um þær í Bíla- og hjólastæðastefnu Hveragerðisbæjar. Reiturinn er innan svæðis 2 samkvæmt stefnunni, svæði 2 er skilgreint á eftirfarandi hátt í stefnunni:

„Mestmegnis íbúðarbyggð en eitthvað um atvinnuhúsnæði á svæðinu. Aðgengi að almenningssamgöngum er takmarkað og eftirspurn eftir bílastæðum meiri vegna fjarlægðar frá kjarnasvæðum.“

Bíla- og hjólastæðastefna Hveragerðisbæjar, 2025



Mynd 3 Bílastæðasvæði samkvæmt Bíla og hjólastæðastefnunni

Í stefnunni er settur fram gátlisti fyrir deiliskipulag sem er eftirfarandi:

- „Útreikningum á fjölda bíla- og hjólastæða út frá töflum í kafla 4.
- Leiðbeinandi útfærsla bíla- og hjólastæða, þar með talið tegund og staðsetning þeirra, skal koma fram á deiliskipulagsupphráttum.
- Tenging við aðliggjandi gatna- og hjólastígakerfi skal vera skýr.
- Áætlaður fjöldi íbúða og hlutfall 1-2 herbergja og 3+ herbergja íbúða auk stærð annars húsnæðis.
- Hlutfall stæða skal skilgreina fyrir hreyfihamlaða, almenn stæði, gestastæði, einkastæði, deilibílastæði og rafhleðslustæði.

- *Hjólástæðum skal skipta í langtíma- og skammtímaástæði, og staðsetning þeirra skal koma fram á deiliskipulagsuppráttum.*
- *Langtímaástæði eru fyrir hjól sem er lagt í meira en 4 klukkustundir. Þau skulu vera yfirbyggð og helst aðgangsstýrð og hönnunin skal tryggja öryggi og þægindi notenda. Langtímahjólástæði skulu almennt vera 80% af heildar fjölda hjólástæða nema við verslanir og veitingastaði þá skal miða við 20%.*
- *Skammtímaástæði eru fyrir hjól sem verða lögð í skemmri en 4 klukkustundir. Þau skulu vera aðgengileg og staðsett nálægt inngangi byggingar. Skammtímaástæði skulu vera 20% af heildarfjölda hjólástæða nema við verslanir og veitingastaði þá skal miða við 80%.*
- *Tryggja þarf umferðaröryggi og að aðkoma að bíla- og hjólástæðum sé örugg.*
- *Ef samgöngumat hefur verið unnið, skal það fylgja deiliskipulagstillögu.“*

Bíla- og hjólástæðastefna Hveragerðisbæja, 2025

2.2 Deiliskipulag

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir reitinn. Til suðurs af svæðinu er deiliskipulagsáætlun fyrir Réttar- og Bjarkarheiði sem tók gildi í júní 2000, ekki eru aðrar aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir. Ekki er gert ráð fyrir því að deiliskipulagið sem unnið verður á grunni þessarar lýsingar hafi áhrif á

aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir.



2.4 Húsakönnun

Unnin var húsakönnun á gróðurhúsum Hveragerðisbæjar árið 2020, höfundar skýrslunnar eru Landform landslagsarkitektar. Tilgangur verkefnisins var að skrásetja og gera úttekt á gróðurhúsum hveragerðisbæjar. Húsakönnunin var unnin í samráði við Minjastofnun Íslands.

Niðurstaða húsakönnunarinnar var sú að húsin hafi þar miðlungs varðveislugildi og að húsin væru í sæmilegu ástandi.

2.5 Minjar

Ekki er talið að minjar sé að finna á reitnum. Menningarminjakort Minjastofnunar Íslands sýnir meðal annars ekki fornminjar á reitnum.

2.6 Veðurfar og loftgæði

Engin veðurathugunarstöð er í Hveragerði, en ríkjandi vindátt er úr norðri og byggðin vel varin fyrir norðanátt. Veðurfar er yfirleitt milt, þó suðvestanátt geti verið slæm. Úrkoma er mikil og fjallaskúrir algengar líkt og víða í Ölfusi.

Loftgæði eru almennt góð þar sem lítið er um mengandi starfsemi. Þau geta þó spillst tímabundið vegna brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun eða svifryks frá eldgosum. Orkuveita Reykjavíkur vaktar loftgæði og hefur sett upp mæli við leikskólann Óskaland. Einnig má fylgjast með loftgæðum á loftgaedi.is.

3. Umfjöllunarefni deiliskipulags

Deiliskipulag byggir á stefnu sveitarfélags í aðalskipulagi. Í Skipulagsreglugerð segir eftirfarandi í gr. 5.1.3.:

„Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir og settir skilmálar um byggðamynstur, mannvirki, landnotkun og nýtingu, vernd o.fl. eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags“

Á skipulagssvæðinu sem um ræðir verða settir skilmálar er varða nýtingarhlutfall, fyrirkomulag lóða og byggingarreita, bílastæði, umferð gangandi og hjólandi. Settir verða skilmálar um hámarkshæð húsa, sérafnotareiti, gróðurþekju og annað er kann að tryggja gæði byggðar.

4. Umhverfismat

Deiliskipulag svæðisins kallar ekki á sérstakt umhverfismat samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem aðalskipulag gerir ráð fyrir íbúðabyggingu á reitnum og nýtt skipulag mun ekki hafa áhrif á umliggjandi svæði.

5. Skipulagsferli, kynning og samráð

5.1 Skipulagslýsing

Með kynningu lýsingarinnar hefst samráð um gerð skipulagsins. Skipulagslýsingin verður kynnt í 2 vikur. Með því er verið að óska eftir því að bæjarbúar, aðliggjandi lóðarhafar, nálægar stofnanir, rekstraraðilar á nálægum svæðum, og aðrir hagsmunaaðilar komi ábendingum og hugmyndum sem gætu nýst við skipulagsvinnuna á framfæri.

5.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir athugasemdum frá:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðinni
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Veitur

5.3 Auglýsing deiliskipulagstillögu

Að fengnum ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum við skipulagslýsingu verður unnið að gerð deiliskipulagstillögu. Drög eða vinnslutillögur verða kynntar íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Að þeirri kynningu lokinni mun skipulags- og umhverfisnefnd ganga frá tillögu að deiliskipulagi með hliðsjón af ábendingum og athugasemdum, sem fram kunna að koma.

Eftir að bæjarstjórn hefur afgreitt skipulagstillögu til auglýsingar verður hún auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Auglýsingatími og athugasemdafrestur verður a.m.k. 6 vikur. Að því loknu gerir skipulags- og umhverfisráð tillögu um afgreiðslu athugasemda og gengur frá skipulagstillögu til bæjarstjórnar. Ef athugasemdir gefa tilefni til meiri háttar breytinga eða breytinga á grundvallaratriðum skipulagstillögunnar skal hún auglýst að nýju. Deiliskipulagið öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

TÍMAÁÆTLUN

- Skipulagslýsing auglýst/kynnt í nóvember-desember 2025

- Skipulagsvinna unnin í desember-janúar 2026
- Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagstillögu í febrúar 2026
- Skipulagstillaga auglýst, 6 vikna athugasemdafrestur febrúar-mars 2026
- Skipulags- og umhverfisráð gerir tillögu um afgreiðslu í mars 2026
- Bæjarstjórn afgreiðir/samþykkir skipulagstillögu í apríl 2026
- Nýtt deiliskipulag tekur gildi í apríl-maí 2026


5.4 Skil ábendinga og athugasemda við lýsingu

Óskað er eftir sjónarmiðum, hugmyndum, ábendingum og athugasemdum í upphafi verks. Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum og á vef Hveragerðisbæjar. Hún verður einnig aðgengileg í þjónustuveri. Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaða deiliskipulagsvinnu. Þær skulu berast á skipulagsgáttinni, það er gert með því að velja „Bæta við umsögn“ við málið.

<https://skipulagsgatt.is/>

Tilgreina skal nafn, kennitölu og heimilisfang í innsendum gögnum.

Kynningartími og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á Skipulagsgáttinni.



Mynd 4 Ferli skipulagslýsingar

Heimildaskrá

Fasteignaskrá Íslands. (e.d.). Heimasiða Fasteignaskrár Íslands. Sótt af <https://fasteignaskra.is/> þann 26. október 2025.

Hveragerðisbær. (2025, september). Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025–2037. Greinargerð. Sótt af <https://skipulagsgatt.is/files/c010787d-8a66-448a-9bb2-bd5f64551f7d> þann 26. október 2025.

Landform. (2025). Skipulagsuppráttur. Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025–2037. Sótt af <https://skipulagsgatt.is/files/28e1dd7f-06da-4640-846b-a9f3c518d069> þann 26. október 2025.

Landform landslagsarkitektar. (2020, janúar). Hveragerði – Húsakönnun. Samantekt á varðveislugildi gróðurhúsa í Hveragerði. Sótt af <https://www.hveragerdi.is/static/files/Stjornkerfi/Stefnur/husakonnun-samantekt-a-varðveislugildi-grodurhusa-i-hveagerdi.pdf> þann 26. október 2025.

Minjastofnun Íslands. (e.d.). Kortavefsjá Minjastofnunar Íslands. Sótt af <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun> þann 26. október 2025.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) & Skipulagsstofnun. (2023). Mannlíf, byggð og bæjarrými. Sótt af <https://downloads.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/xci9jeoBhExcQSe7ZcwBu/6fc455dfd1448cd45723995058acd046/MannlifByggdogBaejarrymi.pdf> þann 26. október 2025.

Skipulagsgátt. (e.d.). Skipulagsvefsjá Íslands. Sótt af <https://www.map.is/skipulag/> þann 26. október 2025.

VSB verkfræðistofa. (2025). Bíla- og hjólastæðastefna. Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025–2037. Sótt af <https://skipulagsgatt.is/files/f57b112b-df81-496a-b703-963ab0d7ccfa> þann 26. október 2025.

VSB verkfræðistofa. (2025). Samgöngustefna. Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025–2037. Sótt af <https://skipulagsgatt.is/files/a6a2fd0e-7f5c-4218-94c3-44cb1878f1cc> þann 26. október 2025.